

# Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar  
Frá: Margrét Geirsdóttir  
Dags. 29. apríl 2026  
Mnr. 2026040277



ÍSAFJARÐARBÆR

## Umsókn til Þroskahjálpar um byggingu fjölbýlishúss með þjónustukjarna

**Hér með er óskað eftir heimild frá bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar til þess að fara í formlegar viðræður við Þroskahjálpar um byggingu fjölbýlishúss með þjónustukjarna á Ísafirði.**

Þann 24. apríl 2026 áttu bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og sviðsstjóri velferðarsviðs fund með fulltrúum frá Þroskahjálpar, Guðmundi Ármanni Péturssyni, formanni og Þórnari Snorra Sigurgeirssyni, skrifstofustjóra um mögulega byggingu Þroskahjálpar á fjölbýlishúsi með þjónustukjarna.

Vel var tekið í erindið og eru eftirfarandi upplýsingar um útfærslur sem kæmu til greina í tengslum við bygginguna.

**Framlag frá HMS (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun):** Stofnframlag 22% (18%+4% viðbót vegna þess að íbúðirnar eru ætlaðar fötluðu fólki).

**Framlag Ísafjarðarbæjar:** 12% (sem mætti skoða nánari útfærslu á t.d. með niðurfellingu gatnagerðargjalda)

**Framlag Þroskahjálpar:** 66% (í formi langtímaláns frá HMS, Þroskahjálpar tekur lánið)

Reyndar er heimild fyrir því að Jöfnunarsjóður komi inn í slíkt verkefni með auknu byggðaframlagi. Það gildir þegar byggt er á „köldum“ svæðum, þ.e. þar sem leiguverð hefur ekki fylgt hækkandi byggingakostnaði. Slíkt framlag myndi þá hækka hlutfall ríkisins, lækka framlag Þroskahjálpar en framlag Ísafjarðarbæjar stæði í stað.

Nánari upplýsingar frá HMS má finna hér: <https://hms.is/stofnframlog>. Einnig má þar finna hlekki á lög sem málið varða.

Þessa ber einnig að geta:

1. Fyrir Alþingi liggja nú frumvarpsdrög þar sem stofnframlag ríkisins er hækkað um 5% og viðbótarframlag vegna húsnæðis fyrir öryrkja hækkað um 1%. Samtals 6% hækkun á framlagi ríkisins, en aftur, eins og með byggðaframlag Jöfnunarsjóðs, kemur þetta til hækkunar á framlagi ríkisins, lækkunar á okkar hlut, en hlutur sveitarfélagsins helst 12%. En þetta skiptir máli vegna punkts 2.
2. Stofnframlagakerfið hefur það viðmið að leiga í íbúðum byggðar í gegnum þetta kerfi sé bæði
  - a. nógu há til að verkefnið sé sjálfbært fjárhagslega, þ.e. að leiga standi undir áætluðum rekstrar- og fjármagnskostnaði hverju sinni

- b. og að leigan sé ekki hærri en því sem nemur 25% af heildartekjum leigjenda. Stærsti hluti kostnaðar við hverja byggingu eru afborganir af lánunum. Eftir því sem að ríkið kemur með hærri framlög, því lægra lán er tekið, þannig lækkar kostnaður og þannig getur leiga lækkað.

Þroskahjálp hefur viljað ganga út frá að einstaklingar með sis-mat 10 eða herra sé ákjósanlegi hópurinn í framangreint búsetuúrræði. Á Akureyri hefur verið miðað við sis-mat 9 eða herra. Hér eru um það bil 12 einstaklingar sem eru í þörf fyrir búsetuúrræði, þar af er einn með sis-mat 8. Þroskahjálp kys að hafa ekki fleiri en sem nemur fimm einstaklingum í hverjum íbúðakjarna, en hafa þó teygt sig upp í átta. Gangi verkefnið upp hér má gera ráð fyrir að búsetuþjónusta í Pollgötu leggist af.

Taki bæjarstjórn jákvætt í erindið verður send formleg umsókn með þarfagreiningu til Þroskahjálpar.

Virðingarfyllt,

Margrét Geirsdóttir  
Sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar